

Alþingi Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 25. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi er í meginatriðum sambærilegt því sem lagt var fyrir þingið síðasta vor. Þá skiluðu fjölmargir aðilar umsögnum þar sem alvarlegar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið. Útvegsbændafélagið Heimaey telur áhyggjuefni að Alþingi ætli sér að hunsa fyrrnefndar umsagnir. Þá er það ámælisvert að lagt sé fram frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða með markmiðum (1. gr.) sem augljóslega stangast á við efnisatriði frumvarpsins eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- Með skerðingu aflaheimilda núverandi handhafa þeirra og endurúthlutun þeirra til smærri og óhagkvæmari eininga er bæði stuðlað að óhagkvæmum og óarðbærum rekstri. Útgerðir sem ekki geta gengið út frá því að ráða yfir aflaheimildum frá ári til árs láta skammtímasjónarmið ráða för í stað langtímasjónarmiða. Slíkt eykur líkur á brottkasti og almennt stuðlar að verri umgengni um auðlindina. Þetta stríðir gegn því markmiði að stuðla eigi að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland.
- Veiðigjöldin sem lögð voru á í haust sem og fyrirhugaðar skerðingar aflaheimilda leiða til samþjöppunar í greininni sem bitnað getur harkalega á einstaka fyrirtækjum og byggðum. Slíkt er ekki til þess fallið að treysta atvinnu og byggð í landinu.
- Minnkandi arðsemi í sjávarútvegi, með úthlutun aflaheimilda til óarðbærra eininga, líkt og í strandveiðar eða til útgerða sem treysta þurfa á leigukvóta, dregur úr arðsemi greinarinnar í heild. Slík ráðstöfun stuðlar ekki að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi né heldur að hámarks þjóðhagslegum ávinningi. Þá er innheimta óhóflegs auðlindagjalds, eins og samþykkt var með lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 til þess fallin að veikja fyrirtækin og lækka laun starfsfólks sem skilar sér í færri störfum og minni skatttekjum.
- Loks ber að nefna að ofangreind atriði eru öll til þess fallin að draga úr arðsemi íslensks sjávarútvegs auk þess sem rekstrarumhverfi greinarinnar hefur verið haldið í óvissu undanfarin ár.

Útvegsbændafélagið Heimaey skorar á atvinnuveganefnd Alþingis að kynna sér vandlega þá gagnrýni sem fram hefur komið, bæði á það frumvarp sem nú liggur fyrir og það sem lagt var fyrir á síðasta þingi.

f.h. útvegsbændafélagsins Heimaey

Magnús Kristinsson, formaður